

Skipstjóra og afgreiðslumanni er óheimilt að afhenda vörurnar, uns gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

16. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir sanningsveðskuldum. Kröfur ná einnig til tryggingafjár skipa og varnings.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 22. janúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga nr. 195 15. júní 1973.

1. gr.

Frestur sá, sem um ræðir í 15. gr. reglugerðar nr. 195/1973 um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga breytist þannig, að Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefni eigi síðar en 15. apríl 1976.

2. gr.

Drátt fyrir ákvæði 1. gr. er ríkissáttasemjara heimilt, ef annar hvor aðili óskar þess, að leita satta milli aðila allt til 7. apríl 1976.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um bann við þorskveiðum með flotvörpu fyrir Suður- og Vesturlandi.

1. gr.

Frá 10. febrúar til 1. júní 1976 eru þorskveiðar með flotvörpu bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi á svæði, sem að austan takmarkast af línu, sem dregin er í réttvisandi austur frá Stokksnesi og vestur um að línu dreginni í réttvisandi vestur frá Látrabjargi.